

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 337/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnáskilum fyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) í ljósi breytinga á markaðsaðstæðum ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Lið 5p (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„, breytt með:

- **32018 L 1808**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 (Stjtíð. ESB L 303, 28.11.2018, bls. 69).“

2. Aðlögunartextar a), b) og c) eru endurtölusettir sem b), c) og d).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á undan aðlögunartexta b):

„a) Í i-lið a-liðar 1. mgr. 1. gr. og aa-lið koma orðin „36. og 37. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið“ í stað orðanna „56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.“

4. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við á eftir aðlögunartexta d):

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 303, 28.11.2018, bls. 69.

„e) Eftirfarandi undirgrein bætist við í mgr. 5c í 2. gr. og 7. mgr. 28. gr. a:

„Í málum sem varða ræða bæði EFTA-ríki og aðildarríki ESB skulu Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin vinna saman með það að leiðarljósi að taka samhljóða ákvarðanir um hvaða aðildarríki hefur lög-sögu.“

f) Í 6. gr. að því er varðar EFTA-ríkin:

i) a-lið 1. mgr. skal „kynferðis, kynþáttar, húðlitar, þjóðernis eða þjóðfélagsstéttar, erfðafræðilegra eiginleika, tungumáls, trúarbragða eða trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, fæðingar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar eða á grundvelli þjóðernis“ koma í stað „einhverra þeirra ástæðna sem um getur í 21. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi“;

ii) í b-lið 1. mgr. ber að skilja vísun til 5. gr. tilskipunar (ESB) 2017/541 sem vísun til samsvarandi ákvæða í landslögum EFTA-ríkjanna,

iii) í 2. mgr. koma orðin „viða grundvallarréttindi“ í stað orðanna „virða meginreglur sáttmálans um grundvallarréttindi“.

g) Í 28. gr. b, að því er varðar EFTA-ríkin:

i) í b-lið 1. mgr. skal „kynferðis, kynþáttar, húðlitar, þjóðernis eða þjóðfélagsstéttar, erfðafræðilegra eiginleika, tungumáls, trúarbragða eða trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, fæðingar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar eða á grundvelli þjóðernis“ koma í stað „einhverra þeirra ástæðna sem um getur í 21. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi“;

ii) í c-lið 1. mgr. ber að skilja vísanir til 5. gr. tilskipunar (ESB) 2017/541, 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/93/ESB og til 1. gr. rammaákvörðunar 2008/913/DIM sem vísanir til samsvarandi ákvæða í landslögum EFTA-ríkjanna.

h) Í 30. gr. b:

i) í 2. mgr. er orðunum „og fulltrúi Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar“;

ii) í 2. mgr. er eftirfarandi málslið bætt við:

„EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í hópi evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (ERGA), án atkvæðisréttar.““

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 39. liðar bókunar 37 við EES-samninginn:

„Hópur evrópskra eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (ERGA) (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014)462 frá 3.2.2014 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/1808 , sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna

vegna ákvörðunar nr. 337/2022 um að fella tilskipun (ESB) 2018/1808 inn í samninginn

Í tilskipun (ESB) 2018/1808 er að finna ákvæði með tilvísunum til tilskipunar (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins 2017/541, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/93/ESB og rammaákvörðunar 2008/913/DIM sem hafa verið samþykktar samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Minnt er á að upptaka gerða með slík ákvæði í EES-samninginn er með fyrirvara um þann skilning að löggjöf ESB, sem samþykkt er samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falli utan gildissviðs EES-samningsins.

Að því er varðar vísanir til 5. gr. tilskipunar (ESB) 2017/541, 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/93/ESB og 1. gr. rammaákvörðunar 2008/913/DIM, staðfesta samningsaðilar, í samræmi við langvarandi sameiginleg gildi og evrópska samkennd, að samsvarandi ákvæðum í landslögum EFTA-ríkjanna er beitt á sambærilegan hátt.